

# STJÓRNARTÍÐINDI B 24 – 1993

---

---

19. mars 1993

261

Nr. 122

## GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu í Mýrdalshreppi fyrir árið 1993.

1. gr.

Hreppsnefnd Mýrdalshrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald árið 1993.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í lögsagnarumdæmi Mýrdalshrepps. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

		Kr.
A) Íbúðir	sorphirðugjald	6 897
B) Sumarhús	sorphirðugjald	3 348
C) Fyrirtæki		
Flokkur 1	sorphirðugjald	6 897
Flokkur 2	sorphirðugjald	13 794
Flokkur 3	sorphirðugjald	20 691
Flokkur 4	sorphirðugjald	27 588

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka, m. a. eftir magni og umfangi úrgangs.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Mýrdalshrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytið, 19. mars 1993.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*